



Reykjavík 28. apríl 2010

Málefni : Viðbrögð gagnvart loftræsti- og hitakerfum vegna hugsanlegs öskufalls.

1. Stöðva öll loftræstikerfi hvort heldur sem er inn- eða útblásturskerfi.
 - Kerfi sem nota uppblöndun og kerfi sem eru eingöngu notuð til upphitunar mega vera áfram í gangi en sé einhver vafi skal alltaf stöðva kerfi.
 - Best er að leita til sérhæfðra aðila sem geta leiðbeint og gefið ráð um hvaða kerfi mega ganga og hver skal stöðva, geta þeir þá í samráði við húseiganda samið og haft tilbúna viðbragðsáætlun.
2. Í sumum húsum er ekki hægt að stöðva loftræsti- eða hitakerfi, starfseminnar vegna.
 - Í þeim tilfellum skal athuga kerfi sérstaklega áður en til öskufalls kemur, fara skal sérstaklega yfir þéttleika með síum, þéttleika spjaldloka og þess háttar, athugið að aska er mjög fín og smýgur auðveldlega í gegnum minnstu rifu.
 - Setja skal þessi kerfi á minnstu mögulegu afköst en hafa þó alltaf í huga að viðhalda yfirþrýstingi í húsnæðinu, skal sérstaklega bent á útsogskerfi, t.d. útsog frá salernum, útsog frá eldhúsháfum, uppvöskunarvélum og þess háttar, en þessi kerfi eru mjög fljót að setja húsnæði í undirþrýsting ef ekki er gætt fyllstu varúðar.
 - Sé þess nokkur kostur skal setja síudúk yfir inntak kerfanna til þess að taka mestu óhreinindin.
 - Fylgjast vel með óhreinindasöfnun í dúk og skipt um eftir þörfum, einnig þarf að fylgjast ítrekað með síum í kerfunum sjálfum þar sem þær geta fyllst af óhreinindum á mjög skömmum tíma.
 - Passa skal upp á að eiga nægilega mikið af síudúk til skiptanna auk þess að eiga einnig varasíur í kerfin sjálf.
3. Þegar gangsetja skal loftræstikerfi eftir öskufall skal skoða sérstaklega inntak og útblástur kerfanna þar sem aska getur mjög auðveldlega fokið inn í inntök, auk þess sem víða háttar þannig til að inntak er niður við jörð eða við þak þar sem aska gæti hafa fokið í skafli.
 - Skal þá hreinsa eins og hægt er í kringum þau áður en kerfi eru gangsett auk þess að skoða síur fljótlega eftir gangsetningu ef óhreinindi hafa komist í þær.
 - Ávalt skal hafa í huga að aska er mjög fíngerð og getur smogið á ólíklegustu staði.
4. Varðandi öll önnur kerfi t.d. kælikerfi, sundlaugarkerfi, gufukatla og önnur sérstök kerfi skal ætíð leita til sérhæfðra aðila til að fá leiðbeiningar um rétt viðbrögð.

Með kveðju
F.h. Rafstjórn ehf